

Fjallabyggð  
Íris Stefánsdóttir  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

Reykjavík, 13. maí 2024

Tilvísun: 202404079 / 3.2

## Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðal- og deiliskipulagi.

Fjallabyggð hefur, með erindi dags. 19. apríl 2024 óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 16. apríl 2024, vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og breytingu á deiliskipulagi sem unnin verður samhliða. Samþykkt var í skipulagsnefnd 10. apríl 2024 að kynna lýsinguna.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefnum aðalskipulagsbreytingarinnar og fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi sama svæðis en bendir á eftirfarandi atriði:

- Í tillögunni þarf að vera skýrt hver er heimilaður fjöldi íbúða fyrir og eftir breytingu.
- Minnt er á að þegar tillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Sigríður Björk Jónsdóttir

